

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

65. fundur Stjórnar BS bs. haldinn miðvikudaginn 7. Júlí 2022

kl. 18:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Birgir Örn Ólafsson, Magnús S. Magnússon, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Helga Jóhanna Oddsdóttir boðar forföll.

Dagskrá.

Formaður setur fundinn.

Stjórn skiptir á milli sín verkum: Friðjón Einarsson var kosinn formaður og Trausti Arngrímsson kosinn varaformaður. Birgir Örn Ólafsson var kosinn ritari.

1. Staða fjármála.

Friðjón fór yfir stöðuna á rekstri félagsins.

Staða fjármála er samkvæmt fjárhagsáætlun.

Jón fór yfir launaþróun það sem af er ári.

2. Betri vinnutími og niðurstaða í skoðanakönnun meðal starfsmanna um vinnufyrirkomulag vakta.

Jón fór yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi í varðandi vinnu við vinnutímastyttingu vakta og fóru stjórnendur og skoðuðu hjá öðrum liðum hvaða vinna var þar í gangi. Einnig var fundað með fólki í Sambandi Sveitarfélaga.

Síðan var haldinn fundur með starfsmönnum um þau kerfi sem í boði voru og haldin kosning meðal starfsmanna og varð niðurstaðan sú að 93% starfsmanna vildu halda áfram í 12 tíma vaktakerfi með breytingum og stofnanasamning.

Stjórn felur Jóni Guðlaugssyni að ganga frá stofnanasamning við starfsmenn vakta.

3. Skýrsla slökkviliðsstjóra

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

Staðan í viðræðum við SÍ:

Vegna sumarleyfa hafa viðræður við S.Í. legið niðri en stefnt er að taka upp þráðinn að sumarleyfum loknun. Þá verður búið að birta nýtt vaktaskipulag, sem mun hafa áhrif á samningagerð.

Bráðatæknar.

Nú hafa fjórir starfsmenn lokið bráðatækninámi og eru bráðatæknar nú á hverri vakt. Það hefur mjög jákvæð áhrif og auka hæfni starfsmanna í sjúkraflutningum. Með þessum áfanga erum við að veita bestu mögulegu þjónustu við okkar skjólstaðinga.

Fundi slitið kl. 18:45